

Landspítali uppræti vandann með læknum

Þetta kemur fram í tilkynningu sem félögin hafa sent frá sér

Félag læknanema og FAL fagna endurskoðun verkferla er varða mismunun, kynferðislega áreitni og ofbeldi á Landspítala. Þau kalla eftir umfangsmikilli fræðslu á vegum mannauðssviðs þegar ferlarnir liggja fyrir. Þau segja viðbragðsaðila þurfa að fá viðeigandi fræðslu og þjálfun.

Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, formaður Félags læknanema, segir yfirlýsinguna gerða í kjölfar svartrar könnunar Berglindar Bergmann, varaformanns FAL, á upplifun almennra lækna á spítalanum. Niðurstöðurnar sýndu að rúm 17% almennra lækna hefðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi. Þá hafa tæp 19% almennra lækna upplifað kynbundna mismunun. Hjördís segir þessar niðurstöður ekki hafa komið svo á óvart.

„Nei, ekki í ljósi reynslunnar sem við læknanemar höfum, bæði í verknámi og starfi.“ Niðurstöðurnar rími við það sem hún hafi séð í erlendum rannsóknum. Hún

segir hins vegar hafa komið sér á óvart í könnun Berglindar hve fá þeirra sem orðu fyrir misrétti sóttust eftir aðstoð Landspítala og að nærri tíundi hver læknir hefði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi í vinnunni.

Félögin kalla eftir því að sú öryggis- menning er varði sjúklinga nú á spítalanum nái einnig til kynferðislegrar áreitni og ofbeldis í garð nema og starfsmanna Landspítala. Einstaklingar eigi rétt á að mæta til vinnu og náms án þess að þurfa að óttast um eigið öryggi.

„Við teljum að næsta skref sé að innleiða stefnu í málaflokknum, þess efnis að kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi og mismunun verði ekki liðið með neinum hætti á okkar þjóðarsjúkrahúsi og framtiðarvinnustað (zero tolerance policy),“ segir í yfirlýsingunni. Einungis þannig sé hægt að standa vörð um öryggi starfsfólks og nema á stofnuninni og fyrirbyggja frekari mismunun, áreitni og ofbeldi.



Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, formaður Félags læknanema, segir lækna og læknanema þurfa að láta til sín taka til þess að starfs- og námsumhverfi þeirra batni. Mynd/laðsend

Félögin benda á að viðbrögð Landspítala séu fordæmisgefandi fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir enda spítalinn stærstur. „Það er Landspítala að ákvarða hvers eðlis þau skilaboð eru.“

Hjördís segir kröfuna um bættu vinnustaðamenningu þyngrri nú en áður. „Ungt fólk sættir sig ekki við mismunun og áreitni. Við þurfum öll, læknanemar og lækna, að læra að takast á við þessar aðstæður til þess að starfs- og námsumhverfi batni.“



Sigurveig Pétursdóttir, bæklunarlæknir og fyrrum formaður kjarasamninganefndar lækna, segir aðför hafa verið gerða að kjörum þeirra. Mynd/laðsend

„Óheilindi gagnvart læknum,“ segir Sigurveig Pétursdóttir, bæklunarlæknir á Landspítala og fyrrum formaður kjarasamninganefndar lækna, um þá ákvörðun spítalans að greiða ekki fjögurra tíma þóknun til lækna sem stökkva til og mæta á vakt með minna en 24 klukkustunda fyrirvara eins og kveðið er á um í kjarasamningi lækna.

Greiðslurnar voru samkvæmt bréfi Læknafélagsins til félagsmanna í liðlega 15 ár samkvæmt grein 4.4.2 í kjarasamningi. Fyrirvaralaust hafi verið hætt að greiða samkvæmt því fyrir um ári síðan.

Afnám fjögurra klukkustunda útkallsgreiðslu rýtingur í bakið

Landspítali nýtir ekki tækifæri til að halda læknum á spítalanum, segir Sigurveig Pétursdóttir, fyrrum formaður kjarasamninganefndar LÍ

„Þetta er alvarleg aðför að kjarasamningi lækna á tímum þegar ætlast er til mikils af þeim, því aldrei hefur verið meira álag á heilbrigðiskerfið,“ segir Sigurveig. „Inntak ákvæðisins hefur alltaf verið það sama, en breyting varð í samningnum 2014 á fjölda greiddra tíma.“

Hún segir að Landspítali hafi hætt að greiða samkvæmt samningnum, grein 4.4.2, um það bil mánuði eftir að skrifað var undir síðustu kjarasamninga. „Engin breyting varð þó á þessu ákvæði í þeim samningum. Það er alveg ljóst að ekki hefði verið skrifað undir þá á þeim tíma ef ljóst hefði verið að Landspítali hygðist breyta einhliða túlkun sem samningsaðilar voru sammála um í síðustu þremur samningalotum. Persónulega tók ég þessu sem hnífi í bakið. Mér finnst þetta sem svik við okkar starf,“ segir Sigurveig.

Dögg Pálsdóttir, framkvæmdastjóri og

lögfræðingur Læknafélags Íslands, segir að nú sé í undirbúningi að fara með ágreininginn fyrir almenna dómstóla. „Við förum með málið til Félagsdóms sem vísaði því frá þann 16. desember síðastliðinn með þeim rökum að orðalag kjarasamningsins væri skýrt og ágreiningurinn ætti því ekki heima þar.“

Gildandi kjarasamningar renna út 31. mars 2023 en Sigurveig segir ekkert því til fyrirstöðu að spítalinn hækki laun lækna almennt á grundvelli viðbótarþátta samningsins. Læknar án sérfræðileysis geti fengið allt að þrjá þætti greidda og sérfræðingar fimm. Auk þessa séu viðbótarþættir auk fyrrnefndra greiddir fyrir meðal annars sérfræðipróf og doktorspróf.

„Það er ekki okkar lækna að meta hvað til er af peningum. Samningurinn veitir svigrúmið, en hvort stjórnendur spítalans nýta sér það er svo annað mál.“